

## REGLUGERÐ um sérkennslu.

### I. KAFLI

#### Almenn ákvæði.

##### 1. gr.

Skólaskyldir nemendur, sem taldir eru víkja svo frá eðlilegum þroskaferli að þeir fái ekki notið venjulegrar kennslu í einni eða fleiri námsgreinum, eiga rétt á sérstakri kennslu við sitt hæfi. Auk þess skal þessi réttur taka til nemenda undir og ofan skólaskyldualdurs eftir því sem segir í reglugerð þessari.

Meginstefnan skal vera sú að sem flestir nemendur stundi nám í almennum grunnskóla sem veiti þeim sérkennslu og uppeldislega meðferð við þeirra hæfi í sem nánustum tengslum við aðra kennslu og almennt skólastarf. Við ákvörðun um sérkennslu skal jafnan taka tillit til heildaraðstæðna nemenda. Eigi skal vista nemanda í sérdeildum, sérskólum eða sérstofnunum, sbr. 2. og 3. lið í 3. grein B, nema áður hafi verið fullnýttir möguleikar á að veita honum kennslu við sitt hæfi í heimaskóla.

Í reglugerð þessari tákna orðin þroskaheftur og fjölfatlaður eftirfarandi:

- a) þroskaheftur er sá sem af þekktum eða óþekktum ástæðum er þannig ástatt um að hann getur ekki af eigin rammleik náð eðlilegum þroska, andlegum eða líkamlegum, til almennrar þátttöku í samfélaginu.
- b) fjölfatlaður er sá sem fatlaður er líkamlega og/eða andlega á fleiri en einu sviði.

##### 2. gr.

Kennslu samkvæmt 1. gr. skulu njóta:

- a) nemendur sem að dómi sálfræðipjónustu og annarra sérfræðinga skortir hæfileika til að stunda venjulegt grunnskólanám,
- b) nemendur sem að dómi skólalæknis hafa eigi heilsu eða önnur líkamleg skilyrði til að stunda venjulegt grunnskólanám,
- c) nemendur sem að dómi sálfræðipjónustu og annarra sérfræðinga eiga við að etja hömlur, einkum í máli og lestri, sem valda því að tvísýnt er um árangur venjulegrar bekkjarkennslu,
- d) nemendur sem að dómi sálfræðipjónustu og annarra sérfræðinga eiga við svo mikil aðlögunarvandamál að stríða að þeir eiga ekki samleið með venjulegum nemendum,
- e) nemendur sem af öðrum ástæðum þurfa sérstakrar aðstoðar við að dómi sálfræðipjónustu og annarra sérfræðinga, þar með taldir seinþroska nemendur,
- f) börn undir skólaskyldualdri sem að dómi heilbrigðisþjónustu, sérfræðipjónustu Öskjuhlíðarskóla eða sálfræðipjónustu skóla þurfa á sérstakri námsþjálfun að halda, sbr. 3. gr., A, 2.

##### 3. gr.

Fræðsla og þjálfun nemenda fer fram sem hér segir:

#### A. Forskólastig.

1. Foreldrar og forráðamenn þroskaheftra barna yngri en 7 ára, er þess óska, eiga rétt á ráðgjöf um uppeldi þeirra hjá sérfræðipjónustu við Öskjuhlíðarskóla að því leyti sem reglugerð nr. 142/1977, útgefin 28. febrúar 1977 af heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, tekur ekki til, enda fari jafnframt fram

uppeldisfræðileg, sálfræðileg, læknisfræðileg og félagsleg rannsókn og greining. Hið sama gildir um börn sem grunur leikur á að séu þroskaheft.

2. Börn, sem falla undir ákvæði 7. gr. laga nr. 53/1967, um fávítastofnanir, lög nr. 13/1962 um heyrnleysingjaskóla og lög nr. 63/1974 um grunnskóla, eiga rétt á að njóta kennslu og þjálfunar við sitt hæfi við sérstofnanir sem ríkið rekur ef forráðamenn æskja þess og rannsókn sérfræðinga leiðir í ljós að þau vikja svo frá eðlilegum þroskaferli að slíks sé þörf.

#### B. Grunnskólastig 1. — 9. skólaár.

1. Í heimaskóla nemenda (almennum grunnskóla).
2. Í sérdeild við einhvern almennan grunnskóla fræðsluumdæmisins.
3. Í sérskóla eða stofnun fyrir þroskahefta.

#### C. Framhaldsnám 10. og 11. skólaár.

Ráðuneytið getur haldið uppi fræðslu og verklegri þjálfun fyrir ungmenni eftir skólaskyldualdur, sbr. ákvæði 52. gr. grunnskólalaga og 3. gr. laga um heyrnleysingjaskóla. Skal það gert í samráði við sérfræðideild Öskjuhlíðarskóla og aðra aðila sem annast fræðslu á grunnskólastigi.

#### 4. gr.

Fræðslustjórar skulu, að höfðu samráði við skólastjórnir grunnskóla umdæmisins, svo og sérfræðiþjónustu (sérfræðideild) við Öskjuhlíðarskóla, gera tillögur um meginskipulag sérkennslu í umdæmum sínum og leggja þær fyrir fræðsluráð.

Menntamálaráðuneytið samræmir tillögur og gerir síðan heildaráætlun um skipulag og framkvæmd sérkennslu innan og utan grunnskóla. Þau mál, sem við verður ráðið heima í fræðsluumdæmunum að dómi ráðuneytisins, verði leyst þar, ýmist í almennum grunnskóla eða á annan hátt, en torleystari mál verði leyst með samræmdum aðgerðum fyrir landið allt.

Fræðslustjóri sér um að áætluð og samþykkt sérkennsla í umdæminu sé framkvæmd.

Um inntöku nemenda í stofnanir samkvæmt a, b, og f-lið 2. greinar gildir eftirfarandi:

Sé um að ræða sérstofnanir, er þjóna landinu öllu, skal fræðslustjóri (sálfræðideild) senda beiðni til sérfræðideildar Öskjuhlíðarskóla um inntöku og tekur hún og viðkomandi skólastjóri (forstöðumaður) ákvörðun um vistun nemenda og flutning þeirra. Þjóni sérstofnun, sérskóli eða sérdeild hins vegar ákveðnu fræðsluumdæmi tekur fræðslustjóri (sálfræðideild) þess í samráði við viðkomandi skólastjóra (forstöðumann) á sama hátt ákvörðun um vistun nemanda. Verði ágreiningur skal málið lagt fyrir menntamálaráðuneytið.

Sé um að ræða börn á forskólaaldri geta foreldrar (forráðamenn) og sérfræðingur (læknir, sálfræðingur o. s. frv.) óskað eftir greiningu á þeim sbr. 10. gr.

Ákvarðanir um tilhögun og framkvæmd þessarar sérkennslu, sem hver almennur grunnskóli á rétt á samkvæmt reglugerð nr. 213/1975 um rekstrarkostnað grunnskóla, sbr. 20. gr. grunnskólalaga, tekur skólastjóri.

#### 5. gr.

Þeim nemendum, sem um getur í a, b og f-lið 2. gr. þessarar reglugerðar, skal séð fyrir viðeigandi kennslu og uppeldi í sérstofnunum á vegum ríkisins, sbr. 8. gr., enda telji hlutaðeigandi sérfræðingur, sbr. 51. gr. grunnskólalaga, að nám þeirra í almennum grunnskóla eða sérdeild á vegum hans muni ekki bera tilætlaðan árangur.

Þeim nemendum, sem um getur í c, d og e-lið 2. gr., skal séð fyrir viðeigandi kennslu í almennum grunnskóla eða í sérskólum (sérdeildum) á vegum hans, sbr.

81. gr. grunnskólalaga. Nú telur sálfræðideild að slíkt muni ekki bera tilætlaðan árangur og skal þeim þá séð fyrir kennslu og uppeldi í sérstofnunum á vegum ríkisins.

## II. KAFLI

### Framkvæmd og skipulag.

#### 6. gr.

Sérkennsla skal fara fram einstaklingslega eða í hópum (innan almennra bekkjardeilda eða utan) og í sérbekkjum. Kennslan getur farið fram í almennum skólum, sérstofnunum, svo sem sérstökum hæfingarskólum, sbr. a-lið 8. gr., heyrnleysingjaskóla, þjálfunarskólum, sbr. c-lið 8. gr., á sjúkrahúsum, í heimahúsum, á vinnustöðum eða annars staðar þar sem heppilegt þykir og menntamálaráðuneytið heimilar.

#### 7. gr.

Menntamálaráðuneytið lætur gera heildaráætlun um stofnun og staðsetningu sérstofnana samkvæmt 52. gr. grunnskólalaga, byggingu þeirra og rekstur. Skal þetta einnig taka til þjálfunarskóla skv. lögum nr. 53/1967 um fávítastofnanir. Hvert fræðsluumdæmi skal eiga aðgang að sérstofnunum innan fræðsluumdæmisins eða utan eftir því sem henta þykir.

#### 8. gr.

Sérstofnanir eða sérdeildir, þar sem kennsla fer fram samkvæmt 52. gr. laga um grunnskóla, lögum um heyrnleysingjaskóla nr. 13/1962 og 7. gr. laga nr. 53/1967 um fávítastofnanir, eru:

- a) Öskjuhlíðarskóli í Reykjavík, sérskóli (hæfingarskóli) fyrir andlega þroskahefta nemendur og fjölfatlaða sbr. 9. gr.
- b) Heyrnleysingjaskólinn í Reykjavík.
- c) Þjálfunarskólar við hæli og meðferðarstofnanir fyrir andlega þroskahefta, sbr. 7. gr. laga nr. 53/1967 um fávítastofnanir.
- d) Sérstofnanir eða sérdeildir grunnskóla sem starfa í þágu ákveðins fræðsluumdæmis eða landshluta.
- e) Sjúkrahús að því er tekur til kennslu sjúkra barna og ungmenna er þar dveljast.
- f) Skólar eða deildir fyrir blinda, hreyfihamlaða og fjölfatlaða nemendur.
- g) Stofnanir fyrir atferlis- og geðtruflaða nemendur, þ. m. t. upptökuheimili, skólaheimili og meðferðarheimili.
- h) Aðrar stofnanir sem kann að verða komið á fót í samræmi við framanskráð lagaákvæði.

Ráðuneytið getur ákveðið í samráði við viðkomandi fræðslustjóra að kennsla samkvæmt f og g-liðum þessarar greinar fari fram á vegum almenns grunnskóla ef henta þykir, sbr. 3. gr.

#### 9. gr.

Öskjuhlíðarskóli í Reykjavík er aðalstofnun ríkisins samkvæmt 52. gr. grunnskólalaga. Skal hann þjóna landinu öllu að því er varðar viðfangsefni á sínu sviði sem eigi verða leyst í einstökum fræðsluumdæmum eða með öðrum hætti.

Heyrnleysingjaskólinn í Reykjavík er aðalstofnun ríkisins á sínu sviði, sbr. lög nr. 13/1962.

Við þessa skóla skulu rekin fjölskylduheimili eða heimavistir vegna þjónustu skólanna við nemendur utan af landi og aðra sem þess þurfa með.

Við Öskjuhlíðarskólann skal rekin dagdeild fyrir þroskaheft börn undir 7 ára aldri til skammtíma atferlisathugana í tengslum við sérfræðideildina.

Við Heyrnleysingjaskólann skal rekin deild fyrir heyrnarlaus og alvarlega málhömluð börn undir 4ra ára aldri.

Menntamálaráðuneytið skipar sameiginlega skólanefnd fyrir báða þessa skóla. Skál hún skipuð 12 mönnum, einum tilnefndum af kennarafélögum hvors skóla um sig, einum tilnefndum af Foreldrafélagi Öskjuhlíðarskóla, einum tilnefndum af Sálfræðingafélagi Íslands, einum tilnefndum af Félagi barnalækna, einum tilnefndum af Foreldrafélagi Heyrnleysingjaskólans, einum tilnefndum af landsamtökunum Þroskahjálpi, einum tilnefndum af Félagi íslenskra sérkennara og einum skipuðum af ráðuneytinu án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar. Þá eiga skólastjórar beggja skólanna ásamt deildarstjóra sérfræðideildar samkvæmt stöðu sinni sæti í skólanefndinni.

Skólanefnd skal skipuð til 4ra ára í senn.

Setja skal skólanefndinni erindisbréf.

#### 10. gr.

Við Öskjuhlíðarskóla starfi sérfræðideild sem annast eftirtalin verk:

- a) rannsókn og greiningu á þroskaheftum börnum sem vísað er þangað til rannsóknar; ennfremur ráðgjöf og tilvísanir til meðferðaraðila,
- b) skráningu og varðveislu upplýsinga um þroskaheft börn og ungmenni, m. a. í samvinnu við Kópavogshæli (göngudeild), sbr. reglugerð nr. 142/1977 um heilsugæslu, félagslega aðstoð við andlega vanþroska fólk, sem ekki dvelst á fávítastofnunum,
- c) leiktækjapjónustu og uppeldisráðgjöf til foreldra þroskaheftra barna yngri en 7 ára,
- d) heilsugæslu nemenda sérskóla utan grunnskóla, þar með talin sjúkráþjálfun og eftirlit með sjón, heyrn og málmeinum, í samráði og samvinnu við heilbrigðisyfirvöld og aðra þá aðila er sinna þessum málum.
- e) eftirvernd nemenda sérskóla utan grunnskóla, svo sem einstaklingsráðgjöf og félagslega aðstoð við þá nemendur sem leita starfa í atvinnulífi í samráði við hlutaðeigandi sérskóla, endurhæfingarráð og félagsmálaráð sveitarfélaga.
- f) leiðbeiningarstarf og þjálfun starfsmanna í samráði og samvinnu við ráðgjafar- og sálfræðipjónustu grunnskóla, Háskóla Íslands, Kennaraháskóla Íslands, Fósturskóla Íslands og Þroskaþjálfaskóla Íslands eftir því sem við á. Skólastjóri Öskjuhlíðarskóla hefur forgöngu um að störf sérfræðideildar og fræðsluskrifstofa að þessum málum séu samhæfð.

#### 11. gr.

Skólastjóri Öskjuhlíðarskóla veitir sérfræðideildinni forstöðu en sérfræðilega stjórnun hennar annast deildarstjóri sem lokið hefur embættisprófi í sálarfræði eða uppeldis- og kennslufræðum.

Skólastjóri og deildarstjóri skulu á þeim tíma árs, sem menntamálaráðuneytið ákveður, gera rökstuddar tillögur um mannahald deildarinnar á næsta fjárhagsári samfara rekstraráætlun fyrir deildina.

Menntamálaráðuneytið ræður, setur eða skipar starfsfólk að deildinni að fengnum tillögum skólanefndar og skólastjóra.

#### 12. gr.

Menntamálaráðuneytið setur sérstakar námsskrár um kennslu í sérstofnunum, sbr. 8. gr. þessarar reglugerðar, og annast eftirlit með sérkennslu í og utan grunnskóla í samráði við þá aðila aðra sem vinna á vegum ráðuneytisins hliðstæð störf fyrir almenna grunnskóla.

#### 13. gr.

Sérmenntaðir kennarar skulu annast kennslu samkvæmt reglugerð þessari hver á sínu sviði þar sem því verður við komið. Á sama hátt skal skipun í önnur sérhæfð störf háð viðurkenningu á menntun aðila.

**14. gr.**

Lengd árlegs kennslutíma skv. reglugerð þessari skal vera 9 mánuðir. Þó er heimilt að gera frávik frá þeirri reglu ef niðurstöður sérfræðilegra athugana leiða í ljós að þess sé þörf.

Gæta skal þess að álag á nemendur sakir náms og þjálfunar fari ekki fram úr því sem skólalæknir og aðrir sérfræðingar telja hæfilegt.

**III. KAFLI****Kennslumagn.****15. gr.**

Ákvæði þau, sem hér fara á eftir um kennslumagn, skulu koma til fullrar framkvæmdar á næstu fjórum árum frá útgáfu þessarar reglugerðar. Þó skal hvergi verða um að ræða á þeim tíma skerðingu á kennslumagni því sem ákveðið hefur verið.

**16. gr.**

Kennslumagn samkvæmt þessari grein á við starfstíma sem ætlaður er til fræðslu og uppeldislegrar meðferðar í samræmi við 7. mgr. 42. gr. og 50.—52. gr. grunnskólalaga.

Þegar nefnd er kennslustund í reglugerð þessari er miðað við að lengd hennar sé 40 mínútur.

Heimilt er að skipta námslotum og hagræða stundahléum eftir því sem hagkvæmast þykir á hverjum stað.

Um kennslumagn skal fara sem hér segir:

**A. Forskólastig.**

1. Forskóladeildir sérskóla og dagvistarstofnanir (sérdeildir og almennar deildir) þar sem þroskaheft börn eru.  
Að jafnaði skal gera ráð fyrir að einn starfsmaður, sérkennari, sérhæfð fóstura eða þroskaþjálfari, annist hver 3—4 börn. Ráðuneytið getur heimilað aukna aðstoð ef rökstutt álit sérfræðinga mælir með því.  
Fjöldi vikulegra kennslustunda skal að jafnaði vera 15—20, þó með frávikum í samræmi við mat sérfræðinga á þroska, heilsu og geðrænu ástandi hvers einstaklings.
2. Einstaklingskennsla eða hópkennta í sjúkrahúsum, í heimahúsum eða annars staðar, sem að dómi sérfræðinga er talin óhjákvæmileg, er heimil með samþykki fræðslustjóra og menntamálaráðuneytis og þá allt að 5 kennslustundum á viku, sbr. 17. gr.

**B. Grunnskólaaldur.**

1. Þjálfunarskólar. (Greindarvísitala um það bil 0—49).  
Miða skal við að stærð námshóps sé 6 nemendur og kennsluna annist sérkennari, sérhæfður þroskaþjálfari eða sérhæfð fóstura. Heimilt er með samþykki menntamálaráðuneytisins að bæta við aðstoðarmanni ef undangengið mat sérfræðinga telur það nauðsynlegt.  
Kennslumagn miðast við að 5 vikustundir komi á hvern nemanda á skóla-skyldualdri. Menntamálaráðuneytið getur heimilað frávik frá þessari tölu ef fyrir liggur rökstutt álit frá sérfræðideild. Skólastjóri (yfirkennari) ákvarðar vikustundir á nemanda í samræmi við mat sérfræðinga á þroska, heilsu og geðrænu ástandi hvers einstaklings. Skólastjóri (yfirkennari) gerir í samráði við sérfræðideild tillögur um áframhaldandi kennslu og þjálfun einstaklinga. Tillögurnar skulu sendar til menntamálaráðuneytisins til ákvörðunar. Þegar nemendur þjálfunarskóla eru komnir yfir skólaskyldualdur skulu þeir fá starfsfræðslu og starfsþjálfun eftir því sem við verður komið og þroski þeirra leyfir.

Skal hvort tveggja veitt í skólanum (þjálfunarskóla) eða annarri stofnun eftir því sem hverjum nemanda hæfir og við verður komið með það að markmiði að gera nemendur hæfa til starfa á vernduðum vinnustað eða í atvinnulífi.

2. Sérskólar (hæfingarskólar) og sérdeildir grunnskóla.

a) **deildir fyrir andlega þroskahefta nemendur.**

(Greindarvísitala um það bil 50—70).

Miða skal við að 10 nemendur séu að jafnaði í bekkjardeild (námshópi). Miða skal við að 5 vikustundir komi á hvern nemanda á skólaskyldualdri. Skólastjóri (umsjónarkennari) ákveður fjölda vikulegra kennslustunda á hvern nemanda í samræmi við mat sérfræðinga á þroska, heilsu og geðrænu ástandi hvers einstaklings. Því kennslumagni, sem umfram er nemendastundir, skal varið til að skipta bekkjardeildum í þeim greinum sem nauðsyn ber til, svo og til stuðningskennslu, talkennslu og athvarfsiðju.

Meta skal sérstaklega þörf skólans til viðbótarstunda vegna félagsstarfa.

b) **deild fyrir fjölfatlaða nemendur.**

Ætla skal að jafnaði 10 kennslustundir á viku á hvern nemanda. Er þá miðað við að 3 nemendur séu í kennsluhópi.

c) **deild fyrir nemendur með alvarlega geðræna erfiðleika.**

Miða skal við að 15 vikustundir komi á hvern nemanda.

d) **Heyrnleysingjaskóli.**

Ætla skal hverjum nemanda að jafnaði 9 kennslustundir á viku. Miðað er við að 4 nemendur séu í kennsluhópi að jafnaði, kennari og aðstoðarmaður að einum þriðja hluta.

e) **Hreyfihamlaðradeild.**

Ætla skal hverjum nemanda að jafnaði 9 kennslustundir á viku. Er þá miðað við 6 nemendur í bekkjardeild.

f) **deild fyrir heyrnarskerta.**

Ætla skal nemanda að jafnaði 5 kennslustundir á viku. Er þá gert ráð fyrir 6—8 nemendum í bekk og kennsluna annist einn kennari með aðstoðarmanni í hluta starfs.

g) **deild fyrir blinda.**

Miða skal við að 10 vikustundir komi á hvern nemanda.

h) **upptökuheimili ríkisins í Kópavogi og í Breiðavík.**

Ætla skal hverjum nemanda allt að 8 kennslustundir á viku.

i) **meðferðarheimili og dagskólar fyrir atferlistruflaða nemendur.**

Ætla skal hverjum nemanda allt að 10 kennslustundum á viku.

j) **Á 10. og 11. skólaári skulu nemendur fá starfsfræðslu og starfsþjálfun eftir því sem þroski þeirra leyfir. Skal hvort tveggja veitt í skóla eða á vinnustöðum eftir því sem hverjum einstaklingi hæfir best og við verður komið með það að markmiði að gera nemendur hæfa til starfa í atvinnulífi.**

Þá skal heimilt að fengnu samþykki menntamálaráðuneytisins að ráða til aðstoðar þroskaþjálfra, fóstrur eða annað starfslið sem nemur 5 klst. á viku á hvern 10 nemenda hóp, sbr. a—i. Ráðuneytið getur heimilað aukna aðstoð eða aukið kennslumagn umfram það sem tilgreint er í einstökum stafliðum B-töluliðar ef rökstutt álit sérfræðinga mælir með því.

17. gr.

**Kennsla í sjúkrahúsum.**

Verði sjúkralega skólaskyldra nemenda það langvinn að ætla megi að valdi verulegum tögum á skólanámi þeirra skulu þeir eiga rétt á kennslu.

Til þessarar kennslu skal ætla að jafnaði 5 kennslustundir á viku á nemanda,

þó skal kennsla á geðdeildum sjúkrahúsa metin sérstaklega, sbr. 16. gr. B 2, c-liðar og 23. gr. 2. mgr. þessarar reglugerðar.

## 18. gr.

**Kennsla í heimahúsum.**

Heimilt er að greiða allt að 200 kennslustundum á skólaári á nemanda vegna kennslu í heimahúsum ef hann getur ekki að dómi læknis, ráðgjafar- og sálfræðipjónustu grunnskóla, svo og sérfræðideildar, af heilsufarsástæðum sótt nám í almennum grunnskóla, sérskóla eða á sérstofnun.

## 19. gr.

**Sérdeildir fræðsluumdæma.**

- a) menntamálaráðuneytið beitir sér fyrir því að í hverju fræðsluumdæmi verði komið á fót sérdeild eða deildum í tengslum við grunnskóla.
- b) sérdeild við grunnskóla telst vera skipulags- og stjórnunarlegur hluti skólans og lýtur stjórn skólastjóra.
- c) Verkefni sérdeilda þeirra, sem hér um ræðir, er að annast sérkennslu grunnskólanemenda í fræðsluumdæminu sem að dómi sálfræðideildar umdæmisins eru ekki tók á að veita nema í sérdeild en telst þó ekki nauðsynlegt að sækja til sérhæfðari stofnunar. Slíka sérkennslu skal einkum veita treggreindum og seinþroska nemendum, svo og nemendum sem eiga við sérstakar námshömlur að etja, einkum í máli og lestri, svo og nemendum sem eiga við aðlögunarvandamál að stríða, sbr. a, c, d og e-lið 2. gr.
- d) Hver sérdeild samkvæmt þessari grein skal eiga aðgang að heimavistarrými eða vistun á heimilum fyrir nemendur.
- e) Miða skal við, að vistun barna og unglunga á slíkri sérdeild verði ekki lengri en þörf krefur að mati sérkennara þeirra, sálfræðideildar umdæmisins og annarra sérfræðinga.
- f) Haga ber störfum þannig að nemendur sérdeilda tengist öðrum nemendum skólans, í námi og félagslífi, eftir því sem unnt er.
- g) Stundafjöldi ætlaður sérdeildum skal við það miðaður að 4.5 vikustundir komi á hvern nemanda. Menntamálaráðuneytið getur heimilað aukningu frá þeirri tölu enda liggja fyrir rökstutt álit frá ráðgjafar- og sálfræðideild umdæmisins er staðfesti þörfina. Liggja fyrir rökstudd beiðni frá ráðgjafar- og sálfræðipjónustu er menntamálaráðuneytinu heimilt að ráða fósturu/fóstra/þroskaþjálfara að deildinni. Meta skal sérstaklega þörf skólans fyrir auknar stundir til félagsmála vegna sérdeildarinnar.
- h) Verði ágreiningur um málefni sérdeildarnemenda milli skólastjóra og sérkennara (umsjónarkennara) getur hvor aðili um sig vísað málinu til fræðslustjóra er kannar málið með aðstoð sálfræðideildar/eða annarra sérfræðinga og fellir úrskurð ef þörf krefur.  
Um stofnun og rekstur sérdeilda fer eftir samningi milli menntamálaráðuneytisins og hlutaðeigandi sveitarstjórnar eða sveitarstjórna.

## 20. gr.

**Skólaathvörf, lesver, athvarfsiðja o. fl.**

Skólanefnd getur að fengnu samþykki sveitarstjórnar stofnað til skólaathvarfa, lesvera, athvarfsiðju eða annarrar sérkennslu, uppeldismeðferðar eða félagslegrar aðstoðar innan almenns grunnskóla sem ekki er kveðið á um í þessari reglugerð. Um nemendafjölda og kennslumagn ber að leita heimildar hlutaðeigandi fræðslustjóra og er það háð samþykki hans og menntamálaráðuneytisins, sbr. 50. og 76. gr. grunnskólalaga.

Um greiðslu og endurgreiðslu ríkissjóðs á kostnaði samkvæmt þessari grein fer eftir ákvæðum reglugerðar nr. 213/1975 um rekstrarkostnað grunnskóla.

#### IV. KAFLI

##### Fjármál.

###### 21. gr.

Kostnaður við sérkennslu innan almenns grunnskóla greiðist samkvæmt 76. gr. grunnskólalaga og 8. og 11. gr. reglugerðar nr. 213/1975 um rekstrarkostnað grunnskóla.

###### 22. gr.

Allur stofn- og rekstrarkostnaður sérstofnana samkvæmt 52. gr. grunnskólalaga greiðist úr ríkissjóði, þ. m. t. daggjöld nemenda, að því leyti sem bætur almannatrygginga hrökkva ekki til. Ennfremur greiðir ríkissjóður fargjöld nemenda heiman og heim þrisvar á ári, svo og fargjöld vegna einnar ferðar beggja foreldra árlega báðar leiðir, skv. reikningum og úrskurði fræðslustjóra sé nemandi vistaður utan síns skólahverfis af ástæðum sem þessi reglugerð tekur til. Heimilt er með samþykki menntamálaráðuneytisins að greiða fargjöld foreldra oftan en að framan getur sé það talið af sérfræðingum nauðsynlegt vegna velferðar barnsins.

###### 23. gr.

Auk launa fastra starfsmanna, er starfa við sérdeildir fræðsluumdæma skv. 19. gr., greiðir ríkissjóður launakostnað vegna mótuneytis fyrir sérdeildarnemendum, efniskostnað fæðis fyrir þá að því leyti sem bætur almannatrygginga hrökkva ekki til og ferðir þeirra heim og heiman við upphaf skóla og lok og í jóla- og páska- leyfi.

Við útreikning stunda vegna umsjónar og eftirlits í heimavistum skal hver sérdeildarnemandi metinn til jafngildis allt að tveggja almennra grunnskólanemenda eftir aðstæðum í hverju tilviki.

Um annan kostnað fer eftir ákvæðum grunnskólalaga og samningi milli aðila, sbr. 19. gr. þessarar reglugerðar.

###### 24. gr.

Um framkvæmd reglugerðar þessarar fer eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum.

###### 25. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 52. gr. laga nr. 63/1974 um grunnskóla, lögum nr. 13/1962 um heyrnleysingjaskóla og 7. gr. laga nr. 53/1967 um fávitastofnanir, öðlast þegar gildi.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 199/1972 um kennslu í fávitastofnunum.

*Menntamálaráðuneytið, 1. júní 1977.*

**Vilhjálmur Hjálmarsson.**

*Birgir Thorlacius.*